

Fundargerð 38. fundar í stjórn Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar  
13. ágúst, kl. 12:00 á skrifstofu félagsins, byggingu 946, Keflavíkurflugvelli.

Mættir: Páll Sigurjónsson, stjórnarformaður  
Árni Sigfússon, varastjórnarformaður  
Reynir Ólafsson, stjórnarmaður  
Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri  
Anna Steinunn Jónasdóttir, aðstm.framkvæmdastjóra sem jafnframt  
ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar  
Borinn upp, samþykkt og undirrituð af viðstöddum stjórnarmönnum.
2. Fjárheimildir næsta árs  
Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn stöðu fjárheimilda næsta árs.
3. Samningur vegna reksturs og þróunar sjúkrahúss á Ásbrú  
Farið var yfir stöðu á heilsuverkefni er lýtur að þróun og umbreytingu sjúkrahúss á Ásbrú. Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna málið áfram.
4. Samstarfssamningur við Atlantic Studios(AS)  
Lagður var fyrir stjórn samstarfssamningur við AS um uppbyggingu kvikmyndavers á Ásbrú. Stjórn samþykkti samninginn.  
Stjórn samþykkti jafnframt samkomulag við Atlantic Film Studio um niðurfellingu á kauptilboði AFS í fasteignir á starfssvæði ÞK sem undirritað var þann 3.október 2007.
5. Samningur um leigu Officeraklúbbs.  
Kynnt voru fyrir stjórn drög að samningi um leigu Officeraklúbbs til Concert. Stjórn felur framkvæmdastjóra að útfæra samning frekar.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

*Páll Sigurjónsson.*  
*Árni Sigfússon*  
*Reynir Ólafsson*